



Um bókina:

Ég heiti Loki og ég er ás.

Eða næstum því.

Þetta er svolítið flókið.

Ég bý í Miðgarði (þessu sem þú kallar jörð) þessa stundina sem væskilslegur strákur sem kallaður er Láki.

Ég bý alveg ennþá yfir mætti öflugss áss en ég má ekki sýna mátt minn. Þar að auki þarf ég að mæta í skólann.

Enginn þjáist jafnmikið og ég.

Samt hefði þetta getað verið verra. Nú skal ég rifja aðeins upp með þér ...

Bara í gríni klippti ég hárið af ásynjunni Sif.



ÁSGARÐUR

Ég
Nú skalt þú fara til Miðgarðs, hrekkjalómur!

MÍGGARÐUR



Og svo ...




Þú verður að læra að verða almennilegur



Og halda dagbók yfir öll góðverkin ...




ANNARS.




Þór kom með sem „bróðir“ minn.



Og Hýrrokkin og Heimdallur komu með sem „foreldrar“ mínir.




Ég komst að því að mannlegt líf er bæði GRIMMT og HARÐNESKJULEGT.



Svo barðist ég við hrimþursa og VÁNN þá.



Og svo gerðist svolítið dásamlegt ... ég eignaðist vin (af mannveru-gerðinni)!



ENDIR.



! Þetta er ekki öll sagan, er það nokkuð Loki?

Úff. Þarftu alltaf að leiðrétta hvert einasta sannleikskorn sem ég lagfæri aðeins?


! Já. Það er einmitt tilgangur dagbókarinnar.

Æ! Mér finnst að þú eigir að fá þér áhugamál.

JÆJA, þetta var svo sem ekki öll sagan. Meira að segja eftir allar hetjudáðirnar varð ég að halda áfram að búa á jörðinni og skrifa í þessa fáránlegu dagbók. Ég fæ stig þegar ég haga mér vel og ég missi stig þegar ég ... haga mér ekki alveg nógu vel. Þetta verð ég að gera þangað til ég verð „Ásgarði þóknanlegur“. Hvað sem það á svo sem að þýða.

Þar að auki er ég með nýtt verkefni: að vernda ríki manna gegn hrímþursum og öðrum leiðindagerpum úr öðrum heimum sem eru lengra í burtu.

En nú erum við búin að rifja allt upp og þá skal sýning Loka hefjast!



Dagur eitt:

Mánudagur

DYGGDASTIG LOKA, EÐA DSL:



Endurstilling fyrir nýja byrjun.


Í skólanum í dag afrekaði ég svolítið:

Ég var góður við nýja krakkann.

Ef þú hefur aldrei verið í skóla fyrir mannfólk, þá veistu kannski ekki að það er gömul hefð að koma fram við nýja krakkann í bekknum af grimmd og fyrirlitningu.

En nú er ég Góður ás™ og braut hefðina og tók áhættu á því að bekkjarfélagarnir gerðu at í mér!

Skárri en
mínus milljón
stig!



Þetta er hún Sara,
hún er ný í bekknum.

„Sara má sitja við hliðina á mér,“ sagði ég og benti virðulega á auðan stól við hliðina á mér.

Þór, sem sat hinum megin við mig, hallaði sér að mér. „Hvað ertu búinn að gera við stólinn hennar? Settirðu hnetusmjör á hann? Eða tonnatak?“

„Ekki neitt!“ sagði ég.

! Engin merki um lygar.

„Reyndar,“ sagði Sara, „vil ég heldur sitja þarna, má ég það ekki?“ Hún benti á stól sem var langt, langt í burtu frá mér.



Í hryllingi sat ég með galopinn munninn og sá Söru rölja að nýja sætinu sínu. Ég hafði gert þetta góðverk af samúð með þessari óheppnu sál og hún ... hafnaði tilboði mínu? Hún hafnaði sjálfum Loka? MÉR? Ég veit ekki hvers vegna ég er að reyna þetta.

! Þú reynir þetta vegna þess að þú vilt verða almennilegur til þess að þú getir loks snúið aftur til Ásgarðs. Þú átt líka eftir að bæta þig HEILMIKID.

Ég þoli ekki þessa dagbók.
Ég hugsa að ég hendi henni í eldinn.



Ég er tregtendranleg í mesta hita í trylltum
eldsglóðum Múspellsheims. !



Eftir skóla horfði ég á
sjónvarpið með Þór og
Hyrrokkin. Heimdallur var
upptekinn við að setja upp
eitthvað sem mannfólkið
kallar þjófavörn.

Þjófavörn: Tæki sem gefur frá sér skerandi
hátt hljóð þegar þjófur brjótast inn á heimili.
Einnig þekkt fyrir að gefa frá sér hátt flaut
á tilviljanakenndan hátt og algjörlega að
ástæðulausu, sérstaklega um miðjar nætur.

Þegar ég sé eitthvað mjög
undarlegt hjá mannfólkinu
sýnir dagbókin mér
útskýringu sem skrifuð er af
hinum „alvitra“ Óðni sjálfum.
Stundum finnst mér eins og
hann sé hreinlega að gera
grín að mannfólkinu.






„Hver myndi svo sem vilja brjótast inn í þessa ömurlegu holu?“ spurði ég.

„Þursar!“ sagði Heimdallur.

„Og hvað er hér sem þursar ásælast?“ spurði ég og benti í kringum mig á þessar glötuðu vistarverur sem við köllum heimili. Ekkert gyllt háseti eða bikar skreyttur gimsteinum í nánd, ólíkt Ásgarði.



„Þeir gætu viljað stela hamri Þórs!“ sagði Heimdallur. „Nú, eða ræna okkur! Eða stela ...“ hann leit í kringum sig – „sjónvarpinu okkar. Það er mjög stórt. Jæja pá. Kvöldmaturinn er tilbúinn, farið og þvoið ykkur um hendurnar. Með sápu!“

Eftir kvöldmat gaf Hyrrokkin snákunum sínum að éta. Meðan hún henti dauðum músum í kjaftinn á þeim, gerðum við Þór húsverkin.

Það versta við tilveru mannsbarna eru húsverkin.

Sérstaklega það sem við þurftum að gera í dag:

LOKI – lagaðu til í þessu herbergi þínu sem líkist helst ruslagámi!

ÞÓR – þurrkaðu af hamrasafninu þínu – herbergið þitt er annars snyrtilegt

Í Ásgarði er það þannig að ef þú missir eitthvað í gólfíð galdrast það sjálfkrafa á sinn stað. Svo sorglega vill til að þannig er það ekki í mannheimum.


Þessir gerviforeldrar mínir virðast ekki samþykkja kerfið sem ég nota til að geyma hlutina mína. Ég bara skil það ekki. Ég veit nákvæmlega hvar allt er.



Ég held að Þór haldi herberginu sínu hreinu bara til að pirra mig. Það pirrar mig mikið.

Hann kom til þess að angra mig eftir að hann var búinn að pússa hamrasafnið sitt.

Þarna stritaði ég við að laga til og hann skemmti sér yfir því að nýja stelpa hefði ekki viljað sitja hjá mér. Ég held að Þór skilji ekki húmor. Niðurlæging er bara fyndin þegar aðrir en ég verða fyrir henni.



„Mér fannst hún mjög dónaleg,“ sagði ég frekar hvass.

„Þess vegna var það fyndið,“ sagði Þór.
„Samt ekki jafn fyndið og svipurinn á þér þegar hún hafnaði þér eins og algjörum aula.“



Rétt áður en ég hefndi mín rækilega á Þór sem hefði eyðilagt stöðu mína sem Góður

ás™ kallaði Hyrrokkin á okkur að koma niður.



„Ég var að fá tölvupóst frá skólanum,“ sagði hún áhyggjufull á svip.

Hyrrokkin þolir ekki tölvupósta. Henni finnst mikið nýjabrum vera að bréfaþósti og best þykir henni að rista rúnir í stein, eða í „gott stykki af kálfskinni“.

„Skólinn ætlar að halda launhelga athöfn á fimmtudaginn og þá fáið þið einkunn fyrir frammistöðuna,“ hélt hún áfram. „Kennararnir tilkynna okkur Heimdalli hvernig þið standið ykkur.“



En hvernig vita kennararnir mínir hvernig ég stóð mig? Ég hef ekki lokið neinu verkefni sem sýnir mátt minn!

Hyrrokkin útskýrði að þessi launhelga athöfn kallaðist foreldrafundur og þar yrði rætt hvernig „Láki“ (ég) og „Tómas“ (Þór) stæðu sig í skólanum.

Þrátt fyrir að ég viti vel að það sé dásamlegt að vera í kringum mig og njóta skopskyns míns sem er fyrsta flokks, þá varð tilhugsunin um að vera dæmdur af kennurum mínum til þess að mér fór að líða eitthvað undarlega í maganum.

Þú verður að skilja að stundum er snilligáfa mín misskilin. Kennarar hafa átt það til að öskra á mig og segja eitthvað eins og: „Láki, hættu að trufla kennsluna!“ og „Láki, vertu ekki svona vondur við Soffíu!“ og „Jeminn, hvers vegna þurfti að setja þig í minn bekk? Hefur skólastjórinn eitthvað á móti mér?“

Ég lét áhyggjur mínar ekki ná stjórn á mér. Hvaða máli skiptir hvað kennarar segja um mig á þessum glataða fundi eftir þrjá daga? Ég er ódauðlegur ás, glæsilegur og máttugur! Ég þarf ekki þeirra hrós.

Þú þarft á hrósi allra að halda. Þú ert ótrúlega óöruggur með sjálfan þig, Loki.

Var ég búinn að nefna að ég þoli ekki þessa dagbók?



Magi Loka